

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – nóvember 2023

Skráð atvinnuleysi í nóvember var 3,4%

Skráð atvinnuleysi í nóvember var 3,4% og hækkaði úr 3,2% í október. Í nóvember 2022 var atvinnuleysið hins vegar 3,3%.

Að meðaltali voru 6.526 atvinnulausir í nóvember, 3.741 karl og 2.785 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 516 frá október.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 5,3% og hækkaði úr 4,8% frá október.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,4%, á Austurlandi 2,3% og eins 2,3% á Vesturlandi.

Alls komu inn 182 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvember.


Alls voru 3.774 erlendingar atvinnuleitendur án atvinnu í lok nóvember og fjölgaði um 419 frá október.

Í nóvember voru 265 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 10 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Í nóvember 2023 gaf Vinnumálastofnun út 356 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 307 á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi gæti orðið á bilinu 3,3% til 3,6% í desember.

Þróun atvinnuleysis frá nóvember 2021 til nóvember 2023




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði alls staðar á landinu frá október. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í nóvember eða 5,3% og hækkaði úr 4,8% frá október. Næst mest var atvinnuleysið 3,5% á höfuðborgarsvæðinu í nóvember og hækkaði úr 3,4% frá október. Atvinnuleysi var 3,2% á landsbyggðinni í nóvember og hækkaði úr 2,8% frá október.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,4%, á Austurlandi 2,3% og eins 2,3% á Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í október og nóvember.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á þremur svæðum á landinu í nóvember, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,0% og 3,2% meðal kvenna, á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,2% og 2,4% meðal kvenna og á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 5,2% og 5,4% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í nóvember.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.968 í lok nóvember, 3.941 karl og 3.027 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 388 frá októberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 180.

Alls voru 712 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok nóvember og fjölgaði um 83 frá október.

Alls höfðu 1.133 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok nóvember 2023 og fækkaði um fjóra frá október. Í nóvember 2022 var fjöldi þeirra hins vegar 1.893 og nemur fækkunin 698 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.492 í nóvember síðastliðnum en voru 1.521 í nóvember 2022.



Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í nóvember mest var fjölgunin í gistipjónustu.

Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok nóvember í þremur atvinnugreinum, opinberri þjónustu, upplýsingatækni og útgáfu og sorpi og veitum.

Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.672 sem er um 44% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.


Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok nóvember 2023



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.774 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok nóvember og fjölgaði um 419 frá október. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 54% í lok nóvember.




Atvinnuleyfi


Í nóvember 2023 gaf Vinnumálastofnun út 356 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 307 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 218 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 138 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í nóvember, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu námsmannaleyfi eða 145 leyfi. Þá voru gefin út 69 leyfi vegna sérfræðiþekkingar og 55 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í nóvember voru flest leyfi gefin út vegna sölu- og afgreiðslustarfa eða 28%, 26% vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra og 16% vegna starfa verkafólks. Um 28% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í nóvember 2023



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, nóvember 2023



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 52 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í nóvember 2023 með samtals 429 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 705 í nóvember á vegum 21 starfsmannaleigu. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 43%, 22% frá Litháen og 17% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 19% starfsmanna komu frá 15 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fáir þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í nóvember 2023 voru gefin út 108 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 68 einstaklingar. Átta fóru til Spánnar, fjórir til bæði Frakklands, Lettlands og Tékklands. Þá voru gefin út 20 vottorð til viðbótar til 10 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 182 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í nóvember. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 91 starf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 59% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 16% á Suðurlandi og 7% á Suðurnesjum. Þá eru 18% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í nóvember 2023



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í nóvember voru 265 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 10 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 171 einstaklingur.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.